

Eftirlaunasjóður aldraðra

07 831

Ársreikningur 2022

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Eftirlaunasjóður aldraðra
Fjárlagaliðurinn er í umsjón
Tryggingastofnunar ríkisins
kt. 660269-2669
Hlíðarsmára 11, 201 Kópavogi

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Eftirlaunasjóður aldraðra er fjárlagaliður sem flokkast sem ríkisaðili í A-hluta ríkissjóðs sem starfar á grundvelli laga um málefni aldraðra. Sjóðurinn greiðir lífeyri til þeirra sem fæddust árið 1915 eða fyrr og maka þeirra sem njóta lítilla eða engra réttinda úr lífeyrissjóði. Tryggingastofnun ríkisins ber ábyrgð á framkvæmd greiðslna sjóðsins.

Starfsemi fjárlagaliðarins fellur undir málefnasvið 28 og málaflokk 30 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2022 var ársveltan kr. 15,4 milljónir og afkoma kr. 10,1 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. 10,1 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 10,1 milljónir.

Starfsemi fjárlagaliðarins á árinu 2022 byggir á heimildum í fjárlögum og fjáráukalögum fyrir árið 2022.

Það er álit mitt að ársreikningur 2022 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Eftirlaunasjóðs aldraðra í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Eftirlaunasjóðs aldraðra fyrir árið 2022 með rafrænni undirritun sinni.

Huld Magnúsdóttir
forstjóri

Yfirlit um afkomu ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	14.400.000	14.500.000
Framlög og ýmsar tekjur		<u>1.009.054</u>	<u>306.796</u>
Tekjur samtals		<u>15.409.054</u>	<u>14.806.796</u>
Gjöld			
Framlög og tilfærslur		4.504.761	6.263.520
Annar rekstrarkostnaður		<u>825.129</u>	<u>790.222</u>
Gjöld samtals		<u>5.329.890</u>	<u>7.053.742</u>
Afkoma ársins		<u><u>10.079.164</u></u>	<u><u>7.753.054</u></u>
Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum	2		
Rekstur		1.183.925	516.574
Rekstrartilfærslur		<u>8.895.239</u>	<u>7.236.480</u>
		<u>10.079.164</u>	<u>7.753.054</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

	Skýr	31.12.2022	31.12.2021
Eignir			
Veltufjármunir			
Tengdir aðilar	3	8.581.027	6.730.477
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður		1.498.137	1.022.577
Veltufjármunir samtals		<u>10.079.164</u>	<u>7.753.054</u>
Eignir samtals		<u>10.079.164</u>	<u>7.753.054</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	4		
Hrein eign		10.079.164	7.753.054
Eigið fé samtals		<u>10.079.164</u>	<u>7.753.054</u>
Skuldir samtals		<u>0</u>	<u>0</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>10.079.164</u>	<u>7.753.054</u>
Aðrar upplýsingar	5		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2022

	Skýr	2022	2021
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		10.079.164	7.753.054
		<u>10.079.164</u>	<u>7.753.054</u>
Lækkun (hækkun) rekstartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(475.560)	1.207.560
Tengdir aðilar		(9.603.604)	(5.801.122)
Hækkun (lækkun) rekstartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		0	(3.159.492)
		<u>(10.079.164)</u>	<u>(7.753.054)</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>0</u>	<u>0</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		0	0
Handbært fé í byrjun árs		<u>0</u>	<u>0</u>
Handbært fé í árslok		<u><u>0</u></u>	<u><u>0</u></u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru skv. kostnaðarverðsreglu og eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Fjárheimildir ársins til rekstrar, rekstrartilfærslna og fjármagnstilfærslna eru færðar til tekna á árinu.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

	2022	2021
--	------	------

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	14.400.000	14.500.000
--------------------------	------------	------------

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar-tilfærslur	Fjármagns-tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.000.000	13.400.000	0	14.400.000
Fjárveiting til tekna	1.000.000	13.400.000	0	14.400.000
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum	183.925	(4.504.761)	0	(4.320.836)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	1.183.925	8.895.239	0	10.079.164

31.12.2022 31.12.2021

3 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	8.581.027	6.730.477
	<u>8.581.027</u>	<u>6.730.477</u>

4 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	7.753.054	3.664.250
Breytingar á árslokastöðu fyrra árs samkvæmt ákvörðun fjármála- og efnahagsráðuneytisins	(7.753.054)	(3.664.250)
Afkoma ársins	10.079.164	7.753.054
Jöfnuður 31.12.	<u>10.079.164</u>	<u>7.753.054</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

5 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Engir skuldbindandi samningar hjá fjárlagalið.

Veittar ábyrgðir

Fjárlagaliðurinn hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óafturkallanleg loforð

Fjárlagaliðurinn hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hans.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.